Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd
28 / 10 2020

008647

Fjallabyggð
Byggingarfulltrúi




Skýringar:

- Skil milli meginbrunahólfa
- Stjórnstöð brunavarna
- Brunaslanga
- Slökkvitæki

## Stærðir:

| | Birt flatarmál: Eldra hús | Viðbygging | Samtals | Rúmmál: |
|---|---|---|---|---|
| Botnplata: | | | | 277,5 m3 |
| 1. hæð: | 857,4 m2 | 521,3 m2 | 1.378,7 m2 | 4.246,7 m3 |
| 2. hæð: | 837,8 m2 | 436,2 m2 | 1.274,0 m2 | 3.959,6 m3 |
| 3. hæð: | 347,0 m2 | 64,2 m2 | 411,2 m2 | 2.091,2 m3 |
| Þak: | | | | 355,0 m3 |
| Samtals: | 2.042,2 m2 | 1.021,7 m2 | 3.063,9 m2 | 10.930,0 m3 |

Upphafleg bygging var teiknuð af Sigurjóni Sveinssyni, arkitekt 1958-60. Henni var ætlað að tengjast þáverandi sjúkrahúsbyggingu en til þess kom ekki, þar sem sú bygging var rifin um svipað leyti og nýbyggingin var tekin í notkun (1966-7).
Árið 1990 voru gerðar lítilsháttar innanhússbreytingar vegna heilsugæslunnar en nokkrum árum áður var húsið klætt að utan með sementsbundnum trefjaplötum (Steni) og bárujárni. Við klæðninguna glötuðust inndregnir fletir sem höfðu afgerandi árif á útlit hússins en vonast er til að hægt verði að endurvekja upphaflegt svipmót hússins þegar kemur að viðhaldi utanhúss.
Árið 2005 var hafist handa um stækkun hússins með nýbyggingu sem nú er risin á grunni þess húss sem rifið var 1967.
Teikningar af nýbyggingunni voru samþykktar árið 2006 og er þessi teikning reyndarteikning eftir smávægilegar breytingar sem féllu til á verktímanum, aðallega tilfærslur á eldvarnarhurðum o.þ.h.
Til viðbótar ofangreindum leiðréttingum eru gerðar stærri svalir á 3. hæð vesturálmu.

Brunavarnalýsing:

Í nýbyggingu verða brunavarnir allar í samræmi við gildandi reglugerðir og við endurnýjun á núverandi húsi verða brunavarnir færðar til samræmis við núgildandi lög og reglur.
Klæðningar á veggjum og loftum verða í flokki 1 og gólf í flokki G.
Eldvarnarmerkingar á veggjum, hæðarskilum og hurðum koma fram á grunnmyndum og skurðmyndum og björgunarop eru sýnd á grunnmyndum og útlitsmyndum.
Ennfremur eru á teikningum tilgreind ÚT-ljós og brunaslöngur.
Sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi verður í húsinu og er stjórnstöð kerfisins staðsett í vaktrými á 2. hæð (221), en útstöð verður í aðalanddyri (151).
Neyðarlýsing er í samræmi við reglugerð.
Slökkvitæki verða sett upp í samráði við slökkviliðsstjóra.

Breyting í mars 2012:
Teikning þessi sýnir núverandi herbergjaskipan á 1. hæð ásamt breytingum sem áætlaðar eru í náinni framtíð.
Helstu breytingar frá fyrri teikningu eru þær að hætt er við flutning rannsóknastofu og stækkun á kapellu og röntgenstofu.
Sótthreinsun á 2. hæð er flutt í rými 146.

Breyting í okt. 2020:
Á 2. og 3. hæð í norðurhluta er núverandi herbergjum (legurými o.fl.) breytt í vistrými með baðherbergjum.
Ennfremur eru gerðar endurbætur á tilheyrandi þjónusturými.
Svæðin sem breytast eru sýnd á viðeigandi lykilmyndum á blaði 0.03 og 0.04.
Rúmmál hússins er óbreytt og svo er einnig um útlit.
Varðandi brunavarnir á 2. og 3. hæð þar sem brreytingar verða vísast í brunavarnalýsingu frá Brunahönnun slf í okt. 2020 á blaði 0.03.

Digitally signed by Gunnar H Kristjansson
DN: cn=Gunnar H Kristjansson gn=Gunnar H Kristjansson c=IS Iceland l=IS Iceland o=Brunahönnun slf. e=brunahonnun@brunahonnun.com
Reason: I am the author of this document
Location:
Date: 2020-10-14 17:09Z


HELGI HAFLIÐASON, ARKITEKT FAÍ
STUÐLASELI 44, 109 REYKJAVÍK — sími: 896 2149
kt. 020341-2979, — netfang: helgiha@simnet.is


| | |
|---|---|
| VERK: HVANNEYRARBRAUT 37-39<br>HSN - breytingar innanhúss | VERKNR.: 2015 |
| HEITI: Grunnmynd 1. hæðar | TEIKN. NR.: 0.02 |
| KVARÐI: 1:100 (blaðstærð A1) | DAGS.: 8. okt. 2020 |